

## NÝMÆLI Í DEILISKIPULAGI

### Lýsing

---

Taka þarf saman lýsingu á hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni. Í lýsingu er greint frá helstu viðfangsefnum, hvernig samráði verður háttað og helstu tímasetningum. Leita á umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsinguna og annarra fagstofnana eftir því sem við á. Kynna á lýsinguna fyrir almenningi með auglýsingu, dreifibréfi eða íbúafundi. Ekki er skylt að taka saman lýsingu ef allar meginforsendur um skipulagsgerðina liggja fyrir í aðalskipulagi eða þegar verið er að breyta deiliskipulagi.

### Grenndarkynning

---

Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu á óverulegri breytingu deiliskipulagi og umsóknum til byggingar- eða framkvæmdaleyfis, ef sýnt er fram á að breytingin eða leyfis skylda framkvæmdin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

### Frávik frá deiliskipulagi

---

Heimilt er að gefa út framkvæmda- og byggingarleyfi án deiliskipulagsbreytingar ef framkvæmdin er svo óveruleg að hún skerðir á engan hátt hagsmuni nágretta, svo sem hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

### HverfisSKIPULAG

---

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi er heimilt að setja almennar reglur og rammaskilmála um yfirbragð og varðveislugildi í stað nákvæmra skipulagsskilmála fyrir einstakar lóðir. Slíkt skipulag kallast hverfisSKIPULAG.

### Kynning á tillögu að deiliskipulagi

---

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Auglýsa á kynninguna með áberandi hætti. Heimilt er að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi.

## **Afgreiðsla deiliskipulags**

---

Senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulag innan átta vikna frá því að athugasemdafrestur rann út en engin tímamörk voru á slíkri afgreiðslu áður.

Auglýsing deiliskipulagstillögu telst ógild hafi hún ekki verið í samþykkt í sveitarstjórn innan árs frá því að athugasemdarfresti tillögunnar lauk.

## **Athugun Skipulagsstofnunar á deiliskipulagi**

---

Telji Skipulagsstofnun form- eða efnisgalla á afgreiðslu deiliskipulags skal hún tilkynna sveitarstjórn það. Athugasemdum Skipulagsstofnunar skal komið á framfæri við sveitarstjórn innan þriggja vikna frá að deiliskipulagið barst stofnuninni. Skýrt er kveðið á um að sveitarstjórn beri að fjalla um og taka afstöðu til athugasemda Skipulagsstofnunar. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar skal hún gera stofnuninni rökstudda grein fyrir ástæðum þess.

Skipulagsstofnun mun ekki lengur fara yfir óverulegar breytingar á deiliskipulagi. Þó skal senda senda stofnuninni slíkar deiliskipulagsbreytingar til varðveislu. Með skipulagsgögnum þarf að fylgja afrit af auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda með upplýsingum um númer og útgáfudag.

## **Birting gildistöku**

---

Sveitarstjórn skal birta auglýsingu um gildistöku deiliskipulags innan 3 mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni.

Janúar 2011